

Sveitarstjórnarfundur 30. apríl 2021

Föstudaginn 30. apríl 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 30. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Eva K. Reynisdóttir, Kristín Einarsdóttir, Margrét Bjarnadóttir og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Eva Katrín Reynisdóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða og tekur lið 14: Erindi frá Birni Guðna Guðjónssyni

Dagskrá 30. fundar:

1. Fundargerð 29. sveitarstjórnarfundar 22.03.2021.
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjármálaupplýsingar
5. Erindi frá Skattinum um útsvarshlutfall
6. Fjárskýsla ríkisins – Uppgjör frestunar á Staðgreiðslu
7. Fyrirspurn um unglíngavinnu
8. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða
9. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2020
10. Vestfjarðarstofa - Markaðsátak
11. Vestfjarðarvíkingurinn
12. Ljósleiðari - Framkvæmdir
13. Almennavarnir og Covid-19

Fundargerð :

1. Fundargerð 29. sveitarstjórnarfundar 22.03.2021

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

2. Fundargerðir nefnda

3. Aðrar fundargerðir

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf frá fundi frá stjórnar, 26.03.2021. Bréf lagt til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- b. SÍS, stöðuskýrsla nr. 12 um uppbyggingu félags- og atvinnumála, 25.03.2021. Skýrsla lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- c. SÍS, stöðuskýrsla nr. 13 um uppbyggingu félags- og atvinnumála, 23.04.2021. Skýrsla lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 895. Fundarstjórnar, 26.02.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- e. Samband íslenskra sveitarfélaga, 896. fundar stjórnar, 26.03.2021. Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
- f. Samband íslenskra sveitarfélaga, bréf frá fundi starfsþróunarnefndar, 29.03.2021. Bréf lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

- 4. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um fjármálaupplýsingar**
Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra þar sem óskað var eftir upplýsingum um fjármál sveitarfélaga í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 lagt fram til kynningar.
Sveitarstjórn felur oddvita að svara erindinu.

- 5. Erindi frá Skattinum um útsvarshlutfall**
Óskað er eftir staðfestingu á endanlegu útsvarshlutfalli sveitarfélags við álagningu 2022 á tekjur ársins 2020. Einnig er óskað svars hvort heimild til lækkunar eða hækkunar á útsvarshlutfalli hafi verið beitt.
Sveitarstjórn felur oddvita að svara erindinu í samræmi við bókun sveitarstjórnar frá 2019.

- 6. Fjársýsla ríkisins – Uppgjör frestunar á Staðgreiðslu**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendir breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.
Lagt fram til kynningar.

- 7. Fyrirspurn um unglíngavinnu**
Sveitarstjórn barst fyrirspurn um unglíngavinnu hreppsins. Óskað var eftir upplýsingum um skipulag vinnutíma og vinnufyrirkomulag.
Sveitarstjórn hefur þegar auglýst eftir starfsmanni yfir unglíngavinnuna, en ekki borið árangur. Oddvita er falið að svara fyrirspurninni.

- 8. Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða**
Skýrsla Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar en ákveðið að fresta málinu og óska eftir að skólastjóri sitji næsta fund þegar erindið verður tekið fyrir.

- 9. Stjórnsýsluskoðun Kaldrananeshrepps 2020**
KPMG hélt kynningarfund um niðurstöður varðandi stjórnsýslu sveitarfélagsins og vinnu við endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2020.
Glærur frá kynningarfundinum eru lagðar fram til kynningar og rædd viðbrögð við athugasemdum. Oddviti falið að undirbúa lausnir. Borið upp og samþykkt samhljóða.

- 10. Vestfjarðarstofa - Markaðsátak**
Vestfjarðarstofa óskar eftir þátttöku sveitarfélagsins til að kynna markaðsátakið „Keyrum Kjálkann“ þar sem einblýnt er á íslenskan markað.
Oddvita falið að óska eftir meiri upplýsingum.

- 11. Vestfjarðarvíkingurinn**
Vestfjarðarvíkingurinn óskar eftir þátttöku sveitarfélagsins til að taka styrkja keppni þeirra sem haldin er dagana 2 – 4 júlí.
Sveitarstjórn ákveður að taka ekki þátt að þessu sinni. Oddvita falið að svara erindinu.

12. Ljósleiðari – Framkvæmdir

Sveitarstjórn ákveður að sama gjaldskrá gildi í þéttbýli Drangsnes og þegar er í gildi í dreifbýli Kaldrananeshrepps. Þá er gjald fyrir : a) lögheimili 240.000 kr

b) Ef ekki er lögheimili í fasteigninni 250.000 kr.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Margrét vîkur af fundi

Erindi hefur borist til sveitarstjórn hvort afsláttur sé veittur ef tekinn séu fleiri en ein heimtaug.

Sveitarstjórn leggur til að bætt verið við gjaldskrána eftirfarandi ákvæði:

Veittur er afsláttur ef tekinn er fleiri en ein heimtaug af sama aðila og gjald eftir fyrstu heimtaug verði 180.000 kr á hverja auka heimtaug.

Borið upp og samþykkt.

Margrét mætir aftur.

13. Almannaþing og Covid-19

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

14. Erindi frá Birni Guðna Guðjónssyni

Sveitarstjórn fagnar áhuga á eflingu sveitarfélagsins og sveitarstjórn hvetur til þess að formlegt erindi þess efnis verði sent inn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 22:30